LISTIR

Frostvirkni Ólafs Elíassonar í Hafnarhúsinu fær góða dóma í Weekendavisen

Bak við sjóndeildarhringinn

GAGNRÝNANDI helgarblaðs danska dagblaðsins *Avisen, Weekendavisen*, líkir verkinu Virkni sjóndeildarhringsins á sýningu Ólafs Elíassonar Frost Activity, eða Frostvirkni, í Hafnarhúsi Listasafns Reykavíkur við japanska hæku og segir Ólaf fyrst og fremst vera listamann ljóssins.

„Ólafur Elíasson er umfram allt ljós-listamaður og það er í leiknum milli ljóss, tíma og rýmis sem hann hefur skapað sínar stórkostlegustu sýnir," segir í dómi blaðsins sem segir rými Ólafs, í verkum á borð við Virkni sjóndeildarhringsins, stundum vera hreinar opinberanir.

„Það gerðist í Tate Modern og það gerist líka hér í Reykjavík. Listamaðurinn býr að þessu sinni til sjóndeildarhring sinn með hljóðlausum einfaldleika. Líkt og inn- og útgang að rýminu, landinu og sjálfi hans sem listamanns. Díóðaljós er fellt inn í vegginn og virkar sem mjó rönd á veggjum herbergisins. Þar er [ljósið] og logar í fullkominni þögn. Það sama gerir áhorfandinn. Hverja mínútu breytir ljósröndin um lit og með því að meðtaka það skynjar maður sig sem þátttakanda í rytma dags og árstíða og í sál



Morgunblaðið/Sverrir

Ólafur Elíasson spjallar við gesti á sýningu sinni í Hafnarhúsinu.

landslagsins. Maður sér sjóndeildarhringinn lýsa í breytilegum litum, maður sér veröldina opna sig með sinni mestu fjarvídd. Og samt sér maður ekki annað en rönd af rafmagnsljósi."

Listrænan útgangspunkt í verkum Ólafs segir gagnrýnandinn þá jafnan vera í senn einfaldan og fágaðan. List Ólafs snúist líka oft um samskipti áhorfandans við verkið – það að sjá sjálfan sig skynja. „Verk listamannsins verður með öðrum orðum fyrst til þegar áhorfandinn sér það, sér í gegnum það og horfir á sjálfan sig í verkinu," segir í umfjöllun blaðsins. Gagnrýnandinn kveður sýningu Ólafs í Hafnarhúsinu þá búa yfir nákvæmlega þessum eiginleikum, auk þess sem listamaðurinn m.a. vinni hér með hefðunum í gegnum íslenska grjótið í verkinu Frostvirkni, og minnir á að basaltið var einmitt einn af efniviðum Einars Jónssonar myndhöggvara sem einnig leitaði á vit náttúrunnar.

„Þetta er jafn einfalt og japönsk hæka," segir gagnrýnandinn þá um Virkni sjóndeildarhringsins og segir Ólaf með heiti sýningarinnar, Frostvirkni ekki aðeins vísa til snjóbylsins utandyra heldur leiti hann djúpt í hjarta náttúrunnar. „Frostvirkni er þannig einnig jarðfræðilegt íðorð sem vísar til þess hvernig frostið og eldvirkni neðanjarðar geta í sameiningu sprengt steina og brotið jarðskorpuna, rofið kuldaveruna er eldur og ís mætast. Í myndmáli má segja að virkni listamannsins sé sú sama. Hann opnar rifu fyrir nýjum skilningi, hjá sjálfum sér og áhorfendum sínum. Og hann lætur sjóndeildarhringinn glóa með ljósrifu sem opnar sig mót óendanleikanum."

Húsþing um Svein Pálsson

HIÐ íslenska bókmenntafélag boðar til húsþings í Norræna húsinu á þriðjudag kl. 13.15, í samstarfi við Jöklarannsóknafélag Íslands, Jarðfræðafélag Íslands og Félag um átjándu aldar fræði. Níu náttúru-, sagn- og bókmenntafræðingar greina frá þáttum í lífi og starfi Sveins Pálssonar en um þessar mundir kemur út á bók hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi ensk þýðing á Jöklariti Sveins Pálssonar náttúrufræðings og læknis (1762–1840).



Sveinn Pálsson

Sveinn Pálsson læknir bar langt af flestum samtíðarmönnum sínum að andlegu og líkamlegu atgervi. Hann þjónaði í áratugi sem héraðslæknir frá Selvogi austur á Skeiðarársand og fór í vitjanir allt austur á Djúpavog og vestur á Seltjarnarnes því að slíkt orð fór af læknislist hans. Hafa svaðilfarir og barátta Sveins við jökulvötn Suðurlands orðið skáldum yrkisefni. Er það eitt undrunarefni að hann lifði af allar ferðir sínar á þeim slóðum. Húsþinginu stjórnar Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi háskólarektor.

Katalónsk Völuspá

BÆKUR

Ljóðaþýðingar

ÞÖGNIN

Ljóð á fjórum tungumálum eftir Carles Duarte i Montserrat. Málverk eftir Anntonio Hervás Amezcua. Íslensk þýðing eftir Guðrúnu Höllu Tulinius. Prentun: Gutenberg. Háskólaútgáfan 2003 – 79 síður.

ÞÖGNIN er eftir katalónska skáldið Carles Duarte i Montserrat, birt á fjórum tungumálum: katalónsku, íslensku, spænsku og frönsku. Íslensku þýðinguna hefur gert Guðrún Halla Tulinius sem áður þýddi Pablo Neruda ásamt Karli Guðmundssyni.

Að skrifa þögnina nefnir höfundurinn inngang sinn og segir m.a.:

„Að skrifa ljóð er eins og endurmóta hægt með orðum þann forna spegil þar sem gefur að líta leyndardóm heimsins, hina raunverulegu ásjónu hans." Höfundurinn segist enn fremur vitna í Þögninni til Níundanna eftir Plótínos til að tjá nauðsynlegt samhengi alls.

Í formálsorðum skýrir Guðrún H. Tulinius kenningar Plótínosar og áhrif þeirra. Byggir hún á inngangi Eyjólfs Kjalars Emilssonar úr Samdrykkjunni eftir Platón, en þar er einnig að finna ritgerð Plótínosar um fegurðina. Guðrún kemur með athyglisverða ábendingu til lesenda:

„Uppsetning ljóðanna með tilvitnunum gefur lesandanum þrjár leiðir til að lesa ljóðin. Í fyrsta lagi að lesa tilvitnanirnar til að kanna hvar þræðir ljóðsins liggja, í öðru lagi að lesa ljóðin ein sér án tilvitnana og í þriðja lagi að lesa hverja tilvitnun og síðan ljóðið í framhaldi, eins og þau eru á hverri baksíðu. Auk þess eru í þessari útgáfu litprentanir af nokkrum málverkum eftir spænska málarann Antonio Hervás Amezcua, sem sum hver eru innblásin af ljóðunum og gefa þau fjórðu leiðina til að lesa ljóðin."

Carles Duarte i Montserrat er eitt þeirra katalónsku skálda sem virðast byggja verk sín á heimspeki og einnig er sköpun áleitið yrkisefni.

Í byrjun var þögnin ein og Guð hefði enn ekki fæðst. „Guð fæddist í þögninni / til að skapa óstöðvandi líf, / hjartslátt án enda."

Í þriðja ljóði stendur:

> Svimi heimsins
> leiðir þig að miðju sinni,
> feiknamikill flaumur
> vatns og moldar,
> fullur af lofti og eldi,
> býr þig til
> og þú finnur slátt hans
> í hvert sinn sem þú andar

Handan dauðans endurfæðist heimurinn með feiknakrafti, stendur í fjórða ljóði.

Þetta um endurfæðinguna kemur fram í lokaljóðinu og minnir ekki svo lítið á Völuspá:

> Handan rótar og skýs,
> raddar og snertingar,
> nætur og dauða,
> handan leyndardóms,
> ryks og einskis,
> myrkurs og bláma,
> þar sem himinn og haf renna saman,
> er líf sem vex af þögn,
> hins Eina,
> af miklum ógnarkrafti,
> orsök og upphaf:
> æ fæðist heimur á ný.


Í sautjánda ljóði er hamingjan ástand samkvæmt Plótínosi, ástand sem varir einungis og fullkomlega í nútíðinni. Sá sem sest niður og horfir á vatnið sér heiminn hefjast á ný.

Íslendingar eru ekki vanir jafn heimspekilegum skáldskap en það sakar ekki að kynnast honum. Vegna þess að hér er um samfelldan ljóðaflokk að ræða getur hann á köflum orðið eintóna.

Guðrún Halla Tulinius þýðir ljóð Carles Duarte i Montserrat af nærfærni og smekkvísi og gætir þess afar vel að þýða rétt.

Yfirleitt tekst henni með ágætum þótt hún sé stundum kannski of varfærin í beitingu málsins en aldrei til skaða.

Jóhann Hjálmarsson



Eitt verka Elínar G. Jóhannsdóttur á sýningunni í Gallerí Fold.

Sker í Galleríi Fold

ELÍN G. Jóhannsdóttir er þessa dagana með málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14–16. Sýninguna nefnir listakonan Sker og er þetta hennar sjötta einkasýning, en hún hefur ennfremur tekið þátt í fjölda samsýninga.

Elín er fædd árið 1954 í Reykjavík.

Hún útskrifaðist úr málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1996. Hún stundaði áður nám við Kennaraháskóla Íslands og við myndmenntadeild sama skóla. Ennfremur stundaði Elín nám við Statens lærerhøgskole i Forming í Ósló, Noregi

Sýningin stendur til 22. febrúar. opið virka daga kl. 10–18, laugardaga til kl. 17 og sunnudaga kl. 14–17.

Í DAG

LHÍ í Laugarnesi kl. 12.30
Myndlistarmaðurinn Rúrí flytur Feneyjarímur.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Síur og hreinsiefni í potta og sundlaugar



Poulsen

Skeifan 2 - 108 Reykjavík - S. 530 5900
poulsen@poulsen.is - www.poulsen.is

Greiðsluþjónusta



Minni áhyggjur – fleiri gæðastundir

www.landsbanki.is
sími 560 6000